

315. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins Gylfaflöt 5, mánudaginn 11.3.2013, kl.7.30.

**Mættir eru:**

Magrét Gauja Magnúsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Ómar Stefánsson, Páll Hilmarsson, Hafsteinn Pálsson og Karl Sigurðsson.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G.P.Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Gestur fundarins undir 4. lið er Guðrún Torfhildur Gísladóttir endurskoðandi hjá Grant Thornton.

**Tekið fyrir:**

**1. Bátttaka í sameiginlegu útboði á endurskoðunarþjónustu**

Með tölvupósti dagsettu 23. janúar, 2013 óskar borgarritari eftir afdráttalausari samþykkt um þátttöku í sameiginlegu útboði á endurskoðunarþjónustu en þeiri sem bókuð var á 309.fundi stjórnar 14.12.2012.

*"Lagt fram að nýju bréf frá borgarráði Reykjavíkur dagsett 12. júlí 2012 er varðar: Tillögu um undirbúning við val á ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar. Stjórn samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útboði að því gefnu að það valdi ekki kostnaðarauka fyrir SORPU."*

Lagðir fram minnispunktar dagsettir 21. febrúar 2013, unnir af Ólafi Kristinssyni endurskoðanda að beiðni borgarritara, er varða rök með og á móti þátttöku í útboði á endurskoðunarþjónustu samstæðu Reykjavíkurborgar. Málefnið er til umræðu á vettvangi SSH hvað varðar öll byggðasamlögin og framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna. Málinu frestað.

**2. Bréf Íslenska Gámafélagsins ehf, dagsett 20. febrúar 2013**

Lagt fram bréf Íslenska Gámafélagsins, dagsett 20. febrúar 2013. Efni: Ósk um leiðrétti.

*"Pann 12. febrúar sl. tilkynnti SORPA bs. þá ákvörðun sína að afnema afslætti, sem veittir hafa verið um árbil til handa Íslenska gámafélagitnu ehf, frá og með 15. febrúar 2013. Er þessari ráðstöfun mótmælt og þess krafist að sömu afslættir og félagið hefur verið með verði setti aftur á eða sem því nemur." Framkvæmdastjóri kynnir drög að svarbréfi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfi ÍG.*

**3. Bréf Gámaþjónustunnar, dagsett 7. mars 2013**

Lagt fram bréf frá Landslögum, sem ritað er fyrir hönd Gámaþjónustunnar hf.. dagsett 7. mars 2013. Varðandi:Breytingar á gjaldskrá SORPU bs.

*"Par er þess óskað að SORPA sendi Gámaþjónustunni tilboð um afslátt frá gjaldskrá eigi síðar en 25. mars nk. Öðrum kosti er Gámaþjónustan knúin til þess að leita til Samkeppniseftirlitsins vegna umræddrar gjaldskrárbreytingar, enda telur fyrirtækið hana hvorki samræmast samkeppnislögum né ákvörðun samkeppniseftirlitins nr. 34/2012 ." Framkvæmdastjóri kynnir drög að svari. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara bréfi Gþ.*

**4. Endurskoðunarskýrsla 2012**

Guðrún Torfhildur Gísladóttir kynnir endurskoðunarskýrslu 2012.

**5. Skoðanakönnun fyrir SORPU bs.**

Lagðar fram niðurstöður skoðanakönnunar sem unnin var fyrir SORPU bs. af Global Consulting Group. Könnunin var gerð í desember 2012 og janúar 2013. Þar var könnuð ímynd byggðasamlagsins, þjónusta, hvernig tekist hefði að kynna verkefni byggðasamlagsins og hverslags fyrirkomulag viðskiptavinir sæju fyrir sér til framtíðar. Málinu frestað til næsta fundar.

*BH  
MM  
PH  
BTA  
KS  
OS  
hlh*

**6. Samningur við Endurvinnsluna hf.**

Kynnt að nýju drög að þjónustusamningi milli SORPU bs og Endurvinnslunnar hf. Framkvæmdastjóri hefur kynnt hugmyndir að framtíðarsamstarfi SORPU og Endurvinnslunnar. Framkvæmdastjóra falið að ljúka samningum við Endurvinnsluna með fyrirvara um samþykki stjórnar.

**7. Bókun í bæjarráði Kópavogs þann 14. Febrúar**

Kynnt bókun úr bæjarráði Kópavogs dagsett 15. febrúar 2013 vegna undirbúningsvinnu við gasgerðarstöð. Á fundinum lagði Hjálmar Hjálmarsson fram eftirfarandi bókun: „*Undirritaður leggur áherslu á að í undirbúningsvinnu við gasgerðarstöð verði samhliða hugað að því hvernig megi nýta úrgang/affall frá metanframleiðslunni til landgræðslu, skógræktar of fl. í samvinnu við stofnanir og félagasamtök sem vinna að uppgræðslu lands.*“

**8. Starfsleyfi móttökustöðvarinnar í Gufunesi**

Lagt fram bréf frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dagsett 21. febrúar 2013 er varðar starfsleyfi móttökustöðvar SORPU bs í Gufunesi en heilbrigðiseftirlitið hefur „*Samþykkt að veita leyfi til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starssemi og sértækum skilyrðum fyrir SORPU bs Gufunesi.*“

**9. Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfnesi**

Framkvæmdastjóri kynnir stöðuna í gerð starfsleyfis vegna urðunarstaðarins í Álfnesi

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 8. apríl, klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.40.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Manavet Grana Magnisd.  
Fauði  
Ómer Stefánsson  
Bjarni Þorl.  
Rafnheiður Þórhótt  
Karl Sigurðsson  
Bjarni Hauðmæður  
Bjarni Hauðmæður  
Bjarni Hauðmæður